

Nd.

57. Nefndarátt

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 68, 14. nóvember 1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eftir því sem hún hafði tók til. Er hún sammála ríkisstjórninni um það, að sjálfsagt sje að vanda sem best til þessarar ræktunar og stuðla að því af fremsta megni, að þetta fyrirtæki gefi sem mestan arð. En til þess að svo geti orðið, verður að gera þær framkvæmdir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sem allra bráðast. Tilkostnaðurinn við t. d. lagningu nýrra vega verður mjög mismunandi fyrir einstök býli og hreppa, eftir legu þeirra á áveitusvæðinu, og ef þær framkvæmdir ætti að framkvæma án þess að þær væru teknar með í heildarkostnaði við áveituna, yrðu einstök sveitarfjelög mjög hart úti. En frv. gerir einmitt jöfnuð á þessu, og verður landbúnaðarnefndin að telja það heppilegt og vel ráðið. Nefndin leitaði álits vegamálastjóra um það atriði frv., er hans starf snertir, og gerði hann nefndinni grein fyrir þeim undirbúningi, er hann hefir gert um lagningu nýrra vega um áveitusvæðið, og fjellst nefndin á þær tillögur, er hann hefir gert um það efni.

Það atriði frv., að byggingarkostnaður mjólkurbús eða mjólkurbúa verði einnig talinn með stofnkostnaði áveitunnar og landið styrki það að sínum hluta, álitur nefndin rjettmætt, einkum fyrir þá sök, að um nýmæli er að ræða hjer á landi, sem við höfum enga reynslu um, hvernig gefast muni, svo búast má við, að það verði sitthvað mun dýrara við stofnun þeirra og

starfrækslu fyrst í stað heldur en máskje þyrfti að vera. Og er þá vel til fallið að ljetta undir kostnaðinn með nokkrum fjárstyrk. Hepnist Flóaáveitan, sem menn vona, verður heyaflí þar afarmikill. Mjólkurframleiðsla hlýtur að aukast þar stórkostlega. Nú er þannig ástatt um mjólkurmarkað hjer fyrir óunna mjólk, að hún selst litið meira hjer í kaupúnunum, Rvík og Hafnarfirði, heldur en nú er framleitt í bæjunum og í grend við þá, svo ekki er um annað að ræða en að vinna úr mjólkinni. Hvað haganlegast verður í þeim efnum og arðvænlegast, er rannsóknarefni fyrir þá, er þetta mál fá til meðferðar.

Þegar svo reynsla er fengin fyrir því við þetta fyrirtæki, á hvern veg haganlegast og arðsamast er að vinna úr mjólkinni, gætu önnur hjeruð landsins haft afarmikið hagræði af því. Á þetta sjerstaklega við þau hjeruð, sem hafa góð skilyrði til aukinnar mjólkurframleiðslu, eins og t. d. Borgarfjörður og Mýrasýsla, Skagafjörður, Eyjafjörður o. fl.

Við 1. umr. málsins var vikið að því af þm. Strandam., að ekki sæist á frv., að ætlast væri til þess, að Búnaðarfjelag Íslands ætti að hafa neitt að segja um tilhögunina á þessu ræktunarfyrirtæki. Atvinnumálaráðherra gaf þá þegar þá yfirlýsingu, að ef það kæmi til sinna kasta að tilnefna menn til að annast um framkvæmd þessara atriða, sem frv. þetta fjallar um, þá myndi hann ekki ganga fram hjá Búnaðarfjelagi Íslands; því myndi verða gefinn kostur á að vera með í ráðum. En út af umræðunum um þetta atriði átti nefndin tal við búnaðarmálastjóra og spurði hann, hvort Búnaðarfjelag Íslands hefði nokkrar sjerstakar tillögur að gera viðvikjandi framkvæmdum á Flóaáveitunni, eða hvort Búnaðarfjelagið hefði nokkuð rannsakað, á hvern hátt áveitan kæmi best að notum. Búnaðarmálastjóri kvað Búnaðarfjel. Ísl. ekki hafa haft hjer til afskifti af þessari áveitu, og fyrir því hefði það ekki neitt rannsakað, á hvern veg áveitan gæfi mestan arð eða best yrði að færa sjer hana í nyt; en kvaðst hinsvegar gjarnan vilja, að ákvörðun yrði tekin um það, hvort ætlast væri til, að Búnaðarfjelag Íslands ætti að sjá um þetta ræktunarfyrirtæki, svo að það gæti nú sem fyrst látið málið til sin taka.

Eins og kunnugt er, hefir Flóaáveitan verið framkvæmd til þessa eftir sjerstökuum lögum, án nokkurrar ihlutunar af hálfu Búnaðarfjelags Íslands. Áveituverkinu er ekki lokið enn, þó það sje vel á veg komið, hvað þá heldur ýmsar aðrar framkvæmdir, sem óhjákvæmilegt er, að verði gerðar nú þegar, ef áveitan á að koma að fullum notum, t. d. vegagerð á áveitusvæðinu o. fl. Þetta mikla ræktunarfyrirtæki er því alls ekki nærri fullgert enn. Nú er nefndin þeirrar skoðunar, að ekki sje heppilegt að skifta um umsjá með þessu verki fyr en það er fullgert, og að best muni að halda áfram verkinu með nmsjá þeirra aðilja, sem hafa annast það hjer til, uns því er að fullu lokið. Hinsvegar ætlast nefndin til þess, og getur í því skyni skirskotað til ummæla atvinnumálaráðherra við 1. umr. málsins, að Búnaðarfjelagi Íslands verði ætlað að hafa fullrúa í þeirri nefnd, sem ætlast er til að skipuð verði samkv. þessu frv., og annist um framkvæmd þessa máls, svo að það geti fylgst sem best með framkvæmdum málsins og gert tillögur um þau atriði, er því þurfa þykir. Með því móti ætti Búnaðarfjelaginu að vera sjeð fyrir því, að það geti komið fram þeim tillögum, er það telur miklu máli skifta.

Eitt atriði frv. þykir nefndinni nokkuð varhugavert að samþykkja algerlega óbreytt eða án viðauka. Er það síðasta setning 1. gr., »sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins«. Þó að nefndin óttist ekki þetta ákvæði í þessu máli út af fyrir sig og treysti núverandi stjórn til þess að framkvæma verkið, þó að hún fengi svona rúma heimild, þykir nefndinni þó ekki víst nema menn síðar meir vildu skoða þetta sem fordæmi til að afla stjórnnum viðtækra heimilda til ýmiskonar framkvæmda, sem vel gætu verið þess eðlis, að allmikil fjármunaleg áhætta fylgdi. Fyrir þessar sakir vill nefndin, að framkvæmdum samkvæmt 1. gr. frv. verði frekari takmörk sett en frv. ber með sjer nú.

Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþykki frv. með svofeldum

VIÐAUKA:

Við 1. gr. Aftan við gr. komi: enda nemi tillag rikissjóðs til vegagerðarinnar aldrei meiru en helmingi kostnaðar, og ekki yfir $\frac{1}{4}$ kostnaðar til annara framkvæmda.

Alþingi, 23. febr. 1926.

Hákon Kristófersson, Jörundur Brynjólfsson, Árni Jónsson.
form. frsm.

Jón Sigurðsson. Halldór Stefánsson.